

Tillaga til 486. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. desember 2021

Uppfærð tillaga frá 1180. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 13. desember 2021, um að bæjarstjórn samþykki að veita stofnframlag til Skeiðs ehf., þar sem áætluð gjöld sem sveitafélagið myndi gefa eftir eru gatnagerðar- og byggingarleyfisgjöld, þ.e. kr. 13.800.000, og áætlað greitt stofnframlag á árinu 2022 er kr. 9.238.805 og við verklok árið 2023 kr. 23.038.805, auk þess sem lagt er til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 1 við fjárhagsáætlun ársins 2022.

1. Skeið ehf. - Umsókn um stofnframlag - 2021120018

Á 1179. fundi bæjarráðs þann 6. desember 2021 var lögð fram umsókn Garðar Sigurgeirssonar f.h. Skeiðs ehf., vegna umsóknar um 12% stofnframlag vegna nýbyggingar fjölbýlishúss í sveitarfélaginu, en stofnvirði framkvæmdarinnar er kr. 46.077.610. Jafnframt lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 2. desember 2021, vegna málsins. Bæjarráð fól bæjarstjóra að boða forsvarsmenn Skeiðs ehf. til fundar við bæjarráð.

Nú eru Garðar Sigurgeirsson og Kristbjörn R. Sigurjónsson mættir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir að veita stofnframlag til Skeiðs ehf., þar sem áætluð gjöld sem sveitafélagið myndi gefa eftir eru gatnagerðar- og byggingarleyfisgjöld, þ.e. kr. 13,8 m.kr. og áætlað greitt stofnframlag, kr. 32,3 m. kr., helmingur greitt árið 2022 og helmingur við verklok árið 2023. Bæjarráð felur bæjarstjóra að útbúa viðauka vegna málsins og leggja fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að veita stofnframlag til Skeiðs ehf. og samþykkja viðauka vegna málsins.